

Rektor setti fund kl. 9.10

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda HA
Baldur Örn Guðnason fulltrúi menntamálaráðuneytis
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Ólöf Nordal, fulltrúi menntamálaráðuneytis
Páll Skúlason, fulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi háskólasamfélags HA

Aðrir mættir:

Guðrún M. Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

Rektor bauð nýskipað háskólaráð velkomið til starfa. Taldi hann ráðið mjög vel skipað og til þess fallið að styrkja Háskólann á Akureyri.

Rektor skýrði frá því að hann hyggst láta af störfum þegar skipunartímabil hans er á enda í maí 2009. Rektor kvaðst vera þakklátur fyrir að hafa orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna að uppbyggingu háskólans í 15 viðburðarrík en ánægjuleg ár.

Fyrir háskólaráði liggur að tilnefna nýjan rektor sem menntamálaráðherra skipar til fimm ára.

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt

0810624

2. Yfirlit um stöðu HA

Rektor rakti 20 ára sögu HA í aðalatriðum í máli og myndum.

Gerði hann grein fyrir samningi milli HA og menntamálaráðuneytis um kennslu og rannsóknir 2008 – 2010. Markmið samningsaðila er m.a. að efla skólann í öllu tilliti og skapa forsendur fyrir því að hann öðlist viðurkenningu sem háskóli á heimsmælikvarða á skilgreindum fræðasviðum. Fylgiskjal b með samningnum er um viðmið og árangursmælingar á samningstímanum. Greinargerð um framkvæmd samningsins verður gerð árlega, í fyrsta skipti 15. febrúar 2009.

Ákvæði samnings um fjölda greina í erlendum ritrýndum tímaritum hefur verið uppfyllt ríflega og tilvísunum í greinar eftir kennara við HA hefur stórfjölgað.

Alþjóðleg viðurkenning þriggja fræðasviða við skólann hefur þegar fengist.

Unnið er að lengingu kennaranáms, frekari uppbyggingu framhaldsnáms, og að undirbúningi doktorsnáms.

Áhersla er lögð á fjarnám, málefni norðurslóða og tengsl atvinnulífs og skóla.

Þá fór rektor yfir helstu ákvæði laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Með þeim falla lög um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 úr gildi og nauðsynlegt að breyta reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007 til samræmis við ný lög.

Úlfar dreifði og skýrði út rekstraryfirlit HA fyrir janúar – september 2008. Útgjöld á tímabilinu eru 74.11% af áætlun. Mánaðarlega er farið yfir stöðu útgjalda með deildarforsetum og yfirstjórn. Sínd er fyllsta aðgát í rekstri og brugðist við ef stefnir í frávik. Staða um áramót verður að óbreyttu í samræmi við áætlun. Ákveðið var að Úlfar tæki saman kostnað pr/nemenda í deildum háskólans fyrir næsta fund.

3. Frumvarp til fjárlaga 2009

Frumvarp til fjárlaga gerir ráð fyrir 1,5 milljarðs kr. fjárveitingu til háskólans. Fram kom að ef endanlegt framlag úr ríkissjóði verður í krónutölu það sem fjárlagafrumvarp gerir ráð fyrir nægi það fyrir hefðbundinni starfsemi háskólans. Hins vegar er unnið að endurskoðun fjárlagafrumvarpsins á vettvangi ríkisstjórnar. Þegar það liggur fyrir þarf háskólaráð að endurskoða fjárhagsáætlun 2009, og þriggja ára áætlun.

Í umræðum var lögð mikil áhersla á mikilvægi háskólastarfsins við að skapa nýja þekkingu og fjölga störfum í landinu. Samþykkt var að fela framkvæmdastjórn að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu fyrir rekstraráætlun 2009 og leggja fyrir háskólaráð á næsta fundi þess.

4. Verkefni og hlutverk háskólaráðs

Rektor fór yfir 5. gr. laga um opinbera háskóla, sem lýtur að háskólaráði. Næstu verkefni ráðsins eru:

- a fjárhagsáætlun 2009
- b endurskoðun á stjórnskipulagi HA.

Ákveðið var að samantekt á lögum og reglum sem varða hlutverk háskólaráðs lægi fyrir á næsta fundi ásamt yfirliti yfir nefndir og ráð skólans.

Þóroddur vakti athygli á því að óvissu gætti í afgreiðslu dómnefndarálita í háskólaráði. Fram til þessa hefði ráðið samþykkt framkomin dómnefndarálit og samþykktin verið bókuð í fundargerð. Undir lok síðasta háskólaráðs hefðu hins vegar komið til umræðu tvö dómnefndarálit sem ráðið frestaði afgreiðslu á. Á milli funda hefði rektor hins vegar veitt framgang í þeim málum og vísað til ráðningarvalds rektors. Rektor staðfesti að hann liti svo á að dómnefndarálit séu einungis lögð fram í háskólaráði til kynningar, sbr. reglur um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri, og mun háskólaráð því ekki frammar samþykkja dómnefndarálit.

Umræða varð um stigamat í framgangsmálum. Hvatt var til þess að grunnreglur stigamats og dómnefndarstarfa væru samræmdar milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Rektor skýrði frá því að vísindaráð og stjórnarsýsla rannsókna við HA hefðu samkvæmt ósk hans farið yfir allar vinnureglur í tengslum við mat á framgangi til þess að tryggja sem mest samræmi milli háskólanna. Auk þess hefði hann skrifað rektor HÍ bréf þar sem farið var fram á frekara samráð milli háskólanna um þessi mál.

5. Endurskoðun á stjórnskipulagi HA

Rektor fór yfir hvaða vinna er framundan við að aðlaga starfsemi HA að nýjum lögum. Henni skal skv. lögum vera lokið fyrir árslok 2008.

Ákveðið var að nýta svigrúm sem gefið er í 4. gr. laga um opinbera háskóla, um skipulagseiningar og rekstrarform og taka lengri tíma til að undirbúa þær mögulegu breytingar vel. Rektor óskaði eftir samvinnu við háskólaráð um að leita eftir hugmyndum úr háskólasamfélaginu og nýta upplýsingar um styrkleika og veikleika sem þegar liggja fyrir í skýrslum og stefnumótun. Fyrir áramót 2008 – 2009 verða aðeins gerðar nauðsynlegar breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007 til samræmis við ný lög og tók rektor að sér að gera tillögur að þeim breytingum fyrir næsta fund.

Samþykkt var að á næsta fundi háskólaráðs yrði veitt heildaryfirlit um stjórnskipulag HA sem gæti orðið grundvöllur frekari umræðu um skipulagsbreytingar.

6. Ráðning deildarforseta viðskipta- og raunvísindadeildar

0803047

Rektor sagði frá umsóknum sem bárust um starf deildarforseta viðskipta- og raunvísindadeildar. Greindi hann frá niðurstöðu deildarfundar.

Háskólaráð mælir einróma með að dr. Hans Kristjáns Guðmundsson verði ráðinn í starfið.

7. Dómnefndarálit

0810672, 0805068, 0712065

Bragi Guðmundsson gerði grein fyrir þrem dómnefndarálitum:

- a Ásgeirs Daníelssonar til að gegna stöðu dósents
- b Jóhanns Örlygssonar til framgangs til prófessors
- c Þorbjargar Jónsdóttur til að gegna stöðu lektors.

Rektor þakkaði Braga sem vék af fundi.

8. Fundir háskólaráðs veturinn 2008-2009

15. des. 2008

16. jan. 2009

20. febr

16. mars

17. apríl

22. maí

26. júní

Fundirnir hefjast kl. 09.00.

9. Önnur mál

- a) Rektor bar upp tillögu að fulltrúum í stjórn Rannsóknarsjóðs. Var hún samþykkt. Þóroddur tók að sér að fara yfir tillögur að breytingum um Rannsóknarsjóð fyrir næsta fund.
- b) Rektor lagði fram drög að áætlun menntamálaráðuneytisins um ytra mat á kennslu og rannsóknum. Þar kemur fram að öll fræðasvið íslenska háskólakerfisins, sem og gæðakerfi skólanna, munu verða tekin út í ytra mati á tilteknu árabili.

- c) Þóroddur vakti máls á því að of miklar tafir væru á því að deildarforsetar sendu frá sér umsóknir kennara um akademískan framgang. Þannig væru dæmi um nokkur slík mál sem legið hefðu hjá deildarforsetum í allt að sex mánuði. Rektor kvaðst taka málið upp við deildarforseta á næsta framkvæmdastjórnarfundum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.30